

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2007

INNGANGUR

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst í bæjarráði síðari hluta októbermánaðar 2006. Nokkrir vinnufundir voru haldnir og var áætlunin til fyrri umræðu bæjarstjórnar hinn 12. desember 2006. Síðari umræða bæjarstjórnar fór fram 16. janúar 2007.

Við gerð fjárhagsáætlunar er hollt að leiða hugann að lögbundnu hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga. Fjárhagsáætlunir, hvort sem um er að ræða í einkafyrirtæki eða stofnun, er stefnumótunarverkfæri þar sérstakar áherslur eru lagðar fram og framkvæmdum forgangsraðað. Sveitarfélag á við Blönduósbæ eru þó þröngar skorður settar og möguleikar á stórfelldum breytingum ekki miklar, enda fer stór hluti tekna sveitarfélagsins í lögbundna þjónustu og samningsbundin útgjöld. Svigrúmið er því oft á tíðum lítið, nema þá að þjónusta verði skert. Sala hitaveitu Blönduósbæjar á árinu 2005 markaði þó tímamót í fjárreiðum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar leggur fram í stefnumótunarvinnu þessari fram stór og metnaðarfull skref í átt að frekari uppbyggingu bæjarfélagsins. Þar ber hæst að nefna undirbúning að byggingu sundlaugar sem og um 190 fermetra viðbyggingu við Leikskólann Barnabæ. Að sama skapi lítur bæjarstjórn á skipulagsmál sem eitt af forgangsverkefnum næsta árs enda mikilvægt að hafa til reiðu byggingarhæfar lóðir.

Fyrir utan hefðbundinn rekstur er gert ráð fyrir eftirfarandi fjármagni til beinna framkvæmda í fjárhagsáætlun 2007, sem eru helstar:

- Viðbygging við Leikskólann Barnabæ: 50 mkr.
- Viðhald íbúða í félagslega kerfinu er áætlað 6 mkr
- Hönnun og fyrsta stigs framkvæmdir vegna sundlaugarbyggingar: 50 mkr
- Framlag til viðhalds Kvennaskólabyggingar: 1 mkr.
- Viðhald í Félagsheimili og Skjóli: 5 mkr.
- Lýsing og frekari endurbætur á Félagsheimilisplani: 3,7 mkr.
- Malbikun bílastæða við grunnskóla, milli sparkvallar og skóla og leiksvæðis fyrir yngri börn við íþróttahús: 13,7 mkr.
- Malbikun Þingbrautar: 3,4 mkr.

Gert er ráð fyrir sölu fjögurra íbúða úr félagslega kerfinu á árinu 2007.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu forsendum og lykilatriðum í fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar fyrir árið 2007.

desember, 2006
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Bæjarstjóri

SKATTTEKJUR

Undir þennan málaflokk falla allar tekjur sveitarfélagsins sem heyra undir ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (að undanskildum stofnframlögum) og aðrar þær tekjur, sem eðli sínu samkvæmt geta talist skattar. Undir málaflokkinn falla einnig tekjur sveitarfélaga af lóðarleigu.

Tekjur ársins 2006 urðu nokkuð hærrí við endurskoðun en gert var ráð fyrir í upphaflegri fjárhagsáætlun þess árs. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2006 er gert ráð fyrir að skatttekjur hækki um 30 mkr. enda hækkuðu framlög Jöfnunarsjóðs verulega. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir rúmum 356 milljónum króna skatttekjum.

Skatttekjur:

Fjárhagsáætlun 2006	Endurskoðuð áætlun 2006	Fjárhagsáætlun 2007
326.753	356.753	356.653

Nánari sundurliðun skatttekna:

Útsvar

Útsvarsprósenta helst óbreytt, 13,03%. Áætlaður íbúafjöldi á árinu er miðaður við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands 1. des. 2006 eða 892 íbúar.

Útsvarstekjur 2007: 214.000 þús kr.

Fasteignaskattur

Gengið er út frá eftirfarandi álagningareglum:¹

- 0,43% (0,40%) af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis.
- 0,88% (0,44%) af fasteignarmati bygginga í opinberri eigu.
- 1,55% (1,55%) af fasteignarmati annarra fasteigna (atvinnuhúsnæði).

Fasteignaskattur 2007: 34.500 en gert er ráð fyrir að afsláttur á fasteignaskatti sbr. 5. gr. laga nr. 4/1995 sé tæp 1 mkr = 33.500 þús kr.

Jöfnunarsjóður

Framlag Jöfnunarsjóðs 2007: 100.000 þús kr.

Lóðarleiga

2,0% (2%) af fasteignarmati lóða, beiti- og ræktunarlóðir. Að auki er innheimt kr. 6.000 fast gjald fyrir beit- og ræktunarlönd.

Lóðarleiga 2007: 9.100 þús kr.

¹ Tölur innan sviga sýna álagningu ársins 2006.

ÞJÓNUSTUTEKJUR

Þjónustutekjur eru þær tekjur sem sveitarfélagið innheimtir vegna þjónustu við íbúana, s.s. vatns- og fráveitugjald, leikskólagjöld ofl.

Vatnsgjald

0,30% (0,30%) af fasteignamati.

Vatnsgjald 2007: 12.000 þús kr.

Aukavatnsskattur

kr. 13,00 (12,50) per tonn.

Aukavatnsgjald 2007: 3.000 þús kr.

Holræsagjald

0,275% (0,275%) af fasteignamati.

Holræsagjöld 2007: 11.000 þús kr.

Sorphirðugjald

Þjónustuþegar innan Blönduóssbæjar

- Á hverja íbúð og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis:

Sorphirðugjald	kr. 10.238
Sorpförgunargjald	kr. 6.000
Samtals:	<u>kr. 16.238</u>
- Á sumarhús, kr. 6.000 sorpförgunargjald
- Hesthús í skipulögðum hesthúsabyggðum, kr. 6.000 á hús
- Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar greiða sorpeyðingargjald skv. áætluðu sormagni sem frá starfsstöð fellur:

A- flokkur, kr	6.000
B-flokkur, kr	11.000
C-flokkur, kr	23.000
D-flokkur, kr	45.000
E-flokkur, kr	78.000
F-flokkur, kr	110.000
G-flokkur, kr	150.000
H-flokkur, kr	200.000

- Þjónustuþegar utan lögheimilissveitarfélags: Innheimt skv. magni kr. 7 á kg.

Sorphirðugjöld 2007: 13.700 þús.

Leikskólagjöld

Hækkun skv. verðlagsbreytingum.

Leikskólagjöld 2007: 18.300 þús kr.

Skóladagheimili

5 – 20 klst. á viku, kr. 189 klst. Stakur tími kr. 231,-
Skóladagheimilisgjöld 2007: 1.920 þús kr.

Íþróttamiðstöð og sundlaug

Verðskrá hækkar um verðlagsbreytingar.

Félagsheimilið á Blönduósi

Verðskrá hækkar um verðlagsbreytingar..

Höfn

Verðskrá óbreytt.

EIGNATEKJUR

Húsaleiga

Húsaleiga í félagslega íbúðakerfinu hækkar um 12% á milli ára og hússjóður um 5%. Íbúðir í eigu Blönduóssbæjar eru nú 43 talsins. Tvær íbúðir voru seldar á árinu 2006 og er það stefna bæjarstjórnar að halda áfram sölu íbúða úr félagslega kerfinu. Gert er ráð fyrir sölu fjögurra íbúða á árinu 2007.

Húsaleigutekjur v. félagslegra íbúða 2007: 31.500 þús kr.

EIGNASJÓÐUR

Í eignarsjóði eru tekjur, gjöld og rekstur fasteigna er fært sem sjálfstæð eining innan A-hluta.

Í eignasjóði er almennt viðhald og framkvæmdir vegna fasteigna sveitarfélagsins. Tekjur eignasjóðs eru leigutekjur af fasteignum (þó ekki félagslegum íbúðu) og öðrum eignum sjóðsins, aðallega til þjónustustofnana aðalsjóðs. Á árinu 2006 áttu sér stað „makaskipti“ á eignum Sýslumannsembættisins og Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33 og fékk sveitarfélagið andvirði 5 mkr. í milligjöf þegar embættin fluttu á milli hæða.

Heildartekjur eignasjóðs árið 2006 eru áætlaðar 62.100 þús kr. Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð 31.500 þús kr., þar af eru afskriftir um 18.900 þús kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 36.300 kr. í eignasjóði þar af eru um 18.300 þús vegna skulda við eigin fyrirtæki. Áætluð niðurstaða rekstrarreiknings sjóðsins er því neikvæð uppá 5.600 þús kr.

REKSTRARGJÖLD

Áætluð rekstrarniðurstaða aðalsjóðs 2007 er áætluð neikvæð um 3.950 þús kr.

Langstærsti einstaka útgjaldaliður A-hluta samstæðu er launakostnaður sem nemur um 54% af skatttekjum sveitarfélagsins. Árið 2007 eru laun og launatengd gjöld í aðalsjóði áætluð 193.500 þús kr. Annar rekstrarkostnaður hljóðar uppá 234.000 þús kr. og afskriftir tæpar 19.000 þús kr.

Skv. áætlun þessari hækka laun að meðaltali um 3% á milli ára.

(B-hluti) Fyrirtæki og stofnanir

Til B-hluta fyrirtækja heyra Félagsheimilið á Blönduósi, Félagslegar íbúðir, Hafnarsjóður og Blönduóssveitur.

Í lok árs 2006 var gerður samstarfssamningur við knattspyrnudeild Hvatar um að félagið tæki að sér rekstur Félagsheimilisins.

Gert er ráð fyrir 6.000 þús kr. í viðhald félagslegra íbúða og að seldar verði 4 íbúðir á árinu 2007.

SAMSTÆÐUREIKNINGUR 2007

Helstu atriði fjárhagsáætlunar samstæðu Blönduóssbæjar 2006 eru:

- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs: 3.949
Með eignasjóði :9.587
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta ársins 2007 er áætluð neikvæð um 31.449 þús kr. Veltufé frá rekstri er sjóðstreymistala sem lýsir fjármunamyndun félagsins á tímabilinu. Oftast er þessi tala svipuð rekstrarafkomunni að viðbættum gjaldfærðum afskriftum á tímabilinu. Veltufé frá rekstri samstæðu er áætlað neikvætt um 31,5 mkr og handbært fé í árslok rúmar 12 mkr.
- Heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 514.094 þús kr.
Sem skiptast þannig:
 - Skatttekjur: 365,5 millj.
 - Aðrar tekjur: 157.6 millj.
- Heildarrekstrargjöld samstæðu án fjármagnsliða eru áætluð 504.102 þús kr. en þar af eru afskriftir reiknaðar um 41.847 þús kr.
- Fjárfestingarhreyfingar: 103.400 þar af:
 - Eignasjóður: tæpar 100 mkr
 - Félagsheimili: 700
 - Sjóvarnir: 1,3 mkr.
- Fjármagnsgjöld lækka frá árinu 2006 um tæpar 13 mkr og eru áætluð 41.414 þús kr. árið 2007.
- Áætluð lánsþörf ársins er 80.000 þús kr.
- Afborganir langtímalána eru áætlaðar um 102.351 þús kr.
- Í fjárhagsáætlun 2006 voru heildarskuldir 1.022.448 og þar af lífeyrissjóðsskuldbindingar um 77.000 þús kr. Áætlað er að heildarskuldir samstæðu lækki í krónum talið frá árinu 2006. Skuldi og eigið fé í árslok 2007 eru áætlaðar 995.730 þús kr. þar af eru lífeyrissjóðsskuldbindingar áætlaðar 80.180 þús kr.